

hefur staðið mjög lengi, en hann virðist nokkurn veginn hafa rjettlætt þenna drátt á málinu, og verður því eigi sektaður fyrir. Að öðru leyti hefur meðferð málsins í hjeraði verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði, Jón Jónsson, á að greiða 20 kr. sekt til landsjóðs, eða sæta 5 daga einföldu fangelsi, sje sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Svo ber honum og að greiða allan málskostnað bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málafræslumanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans, ella sæti ákærði aðför að lögum.

Mánudaginn 29. júlímánaðar.

Nr. 8/1895:

O. J. Haldorsen

gegn

Eyjólfi Símonarsyni.

D ó m u r:

Mál þetta er svo til komið, að 11. apríl f. á. komu þeir áfrýjandinn Ole Haldorsen og bróðir hans Martín Haldorsen að Skildinganeskoti, heimili

stefnda, og tóku til að rífa kotið ofan af heimilisfólki stefnda, en stefndi sjálfur var ekki heima og enginn karlmaður annar. Þegar Eyjólfur kom heim nokkru síðar, bannaði hann að halda verkinu áfram, og urðu þá út af því illdeilur og áflog, einkum með stefnda og Martin Haldorsen, en þeir bræðurnir hjeldu samt verkinu áfram og rífu allan bæinn niður, svo að ekki stóðu nema veggirnir eptir. Út af þessu höfðaði stefndi mál gegn bræðrunum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem dæmt var þar 26. júlí f. á. á þá leið, að málinu var frá vísað að því Martin Haldorsen snerti, en Ole Haldorsen var dæmdur í 10 kr. sekt til landskjóðs samkvæmt 117. gr. almennra hegningarlaga eða til vara 3 daga einfalt fangelsi og til að greiða stefnda 30 kr. í skaðabætur fyrir tjón og óskunda af húsbrotinu með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi og úrskurði í málinu, upp kveðnum 21. júní f. á., áfrýjaði O. J. Haldorsen til yfirdómsins með stefnu 9. ágúst f. á., en málinu var þá frá vísað með dómi yfirdómsins 21. jan. þ. á., og hefur hann nú aptur áfrýjað því með stefnu, dags. 28. febr. þ. á.

Áfrýjandinn hefur fyrst og fremst krafizt þess, að fyrnefndur úrskurður 21. júní f. á. verði felldur úr gildi, en með honum neitadi undirdómarinn áfrýjandanum um frest til að leiða nokkur vitni. Með því að áfrýjandinn hafði áður fengið frest í málinu til hinnar sömu vitnaleiðslu, en eigi notað þann frest eða reynt að nota, verður þó að álíta

að tjeður úrskurður, er neitaði áfrýjanda samkvæmt mótmælum mótpartsins um nýjan frest, hafi verið á rökum byggður, og verður honum því eigi hrundið. Þá hefur áfrýjandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur í skaðabætur til sín fyrir óheimil afnot af Skildinganeskoti og í sekt til landssjóðs og loks í málskostnað, en að hann (áfrýjandi) verði dæmdur sýkn af kröfum hans og kærurum í málinu. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjandi úrskurður og dómur verði staðfestir og áfrýjandi dæmdur í hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Að því er snertir kröfu áfrýjanda um skaðabætur og sekt á hendur stefnda, þá hefur eigi verið stefnt um slíka kröfu fyrir undirdóminum eða um hana dæmt þar, og verður því að vísa henni frá dómi. Og að því er kemur til sýknunarkröfu hans, þá hefur hann eigi borið fyrir sig til varnar aðferð sinni gagnvart stefnda, er að framan er lýst, annað, en að hann hafi verið eigandi kotsins, Skildinganeskots, er hann reif, og hafi hann verið búinn að margvísa stefnda burt úr kotinu. En þrátt fyrir það, þótt sögusögn áfrýjanda í þessu tilliti verði að álítast rjett, og stefndi hafi verið skyldur að vikja úr kotinu eptir kröfu áfrýjanda, verður þó, eins og undirdómarinn hefur gjört, að álita aðferð áfrýjanda ólöglega sjálf-töku, og með því að ákvæði undirdómsins um sekt, skaðabætur og málskostnað þykja eigi of hörð, ber því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýj-

anda eptir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda 15 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn O. J. Haldorsen greiði stefnda Eyjólfí Símonarsyni í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 51/1894:

Guðrún Bjarnardóttir
gegn
Arnljóti Ólafssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeradi af prestsekkju Guðrúnu Bjarnardóttur á Presthólum gegn prestinum sjera Arnljóti Ólafssyni á Sauðanesi til sekta og skaðabóta fyrir brot á grafreitsgrindum kringum leiði manns hennar í kirkjugarðinum á Sauðanesi, sem vinnumaður eða verkamaður sjera Arnljóts á að hafa verið valdur að, er hann fyrir prestinn, húsbónda sinn, var að rífa gömlu kirkjunu á staðnum sumarið 1891, en með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu 24. júlí f. á. var málinu frá vísað af hjeradsdómaranum ex officio sökum ólög-mætrar sáttatilraunar og áfrýjandi dæmd til að greiða málskostnaðinn.